

Útdráttur úr brjefi landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vestur-⁹¹amtinu um hlunnindi handa sparisjóði. — Með brjefi þessu voru sparisjóði í Stykk-^{15. júní.} ishólmi veitt hlunnindi þau, er um ræðir í tilsk. 5. jan. 1874 um 5 ára tímabil, er teljist frá 1. júlí 1892 til 1. júlí 1897. Hlunnindin voru bundin venjulegum skilyrðum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsályktan út af tillögum við ⁹²landsreikningana 1888 og 1889. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 20. desbr. f. á., hafð ^{24. júní.} þjer, herra landshöfðingi, sent hingað 2 ályktanir, samþykktar á síðasta alþingi út af tillögum endurskoðunarmanna við landsreikningana 1888 og 1889, og er önnur samþykkt af efri deild alþingis, svohljóðandi:

»Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina að hlutast til um:

1. Að fækkað verði býlum á jörðum landssjóðs í Vesturskaptafellssýslu, jafnóðum og tækifæri býðst.
2. Að landsreikningnum fylgi árlega aðalreikningur yfir viðskipti íslenzku og dönsku póststjórnarinnar.
3. Að gengið verði ríkt eptir því, að afborganir af skuld nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu sjeu greiddar á rjettum gjalddaga.
4. Að gjaldheimtumönnum landssjóðs verði gjört að skyldu að senda ávísanir upp í landssjóðstekjur til landshöfðingja eigi síðar en svo, að hann geti komið þeim til ráðgjafans með síðustu póstskeipsferð ár hvert, nema því að eins, að ávísunin eigi að ganga upp í tekjur, sem síðar falla í gjalddaga, þá sje hún afgreidd sem fyrst eptir árslok.

En hin er samþykkt af neðri deild þingsins, og hefur auk áskorana þeirra, er efri deild hefur samþykkt, tvo aðra liði inni að halda:

1. »Að skýrsla um allar reikningsábyrgðir, sem úrskurðaðar eru á hverju ári, fylgi landsreikningnum framvegis;
2. Að afgjaldaskrár umboðsjarða sjeu árlega prófaðar á manntalsþingum.

Þjer hafð af ástæðum þeim, er fram eru teknar í brjefi yðar, lagt það til, að allar þær ofangreindar tillögur, sem samþykktar eru af báðum deildum, og hin fyrri af tillögum þeim, er neðri deild ein hefir samþykkt, sjeu til greina teknar. Viðvíkjandi hinni síðari tillögu neðri deildar hafð þjer tekið fram, að þjer getið ekki sjeð þörf eða gagnsemi slíkrar ráðstöfunar; prófun afgjalda-skráanna á þingi mundi fara svo fram, að hlutaðeigandi sýslumaður á manntalsþingi hverju læsi upp skrá, er umboðsmaður semdi, um afgjöld þeirra lands-sjóðsjarða, er innan þinghár lægju, og spyrði síðan þingheim, hvort nokkur hefði nokkuð gegn skránni að athuga, og skyldi sýslumaður svo rita vottorð sitt á skrána, er síðan væri til leiðbeiningar við endurskoðun umboðsreikning-anna; en þetta álitíð þjer enga tryggingu, þar sem það væri undir atvikum komið, hvort hlutaðeigandi leiguliðar væru á þingi við upplestur skráanna, og auk þess ónaudsynlegt, með því að enginn hafi betri föng á að sannfæra sig um, hvort skrárnar eru rjettar, en hin umboðslega endurskoðun, sem árlega

1. dag septbr.mán. 1892.